



BETRI
SAMGÖNGUR

Staða og framgangur verkefna

Árshelmingsskýrsla júní 2026

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Fjárfestingar	5
2.1 Stofnvegir	7
S1: Vesturlandsvegur: Skarhólabraut-Hafravatnsvegur	7
S2: Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur-Krísuvíkurvegur	7
S3: Suðurlandsvegur: Bæjarháls-Vesturlandsvegur	7
S4: Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut	8
S5: Sæbrautarstokkur	9
S6: Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar	11
S7: Reykjanesbraut: Álfanesvegur-Lækjargata	11
S8: Miklubrautargöng	12
S9: Garðabæjarstokkur	12
S10: Miklubraut – bráðabirgðatenging við Landspítala	12
2.2 Borgarlínan	13
Lota 1: Ártún-Hlemmur og Hlemmur-Hamraborg	13
Lota 2: Hamraborg-Lindir	16
Lota 3: BSÍ-Mjódd	16
Lota 4: Fjörður-Miklabraut	16
Lota 5: Ártúnshöfði-Spöng	17
Lota 6: Gullinbrú-Háholt	17
2.3 Göngu- og hjólastígar	18
Stofnstígar við nýjan Arnarnesveg	19
Elliðaárdalur – Ný brú við Grænugróf og stígar að nýrri brú við Dimmu	20
Elliðaárdalur brú við Dimmu	20
Skógarhlíð	20
Ásbraut	21
Kársnesháls, sunnan Hamraborgar að Kópavogsdal	21
Hafnarfjarðarvegur, sunnan undirganga við Arnarneshæð	21

Reykjavíkurvegur, Norðurbær- Engidalur	21
Hafnarfjarðarvegur við Ásahverfi í Garðabæ	22
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	22
Hafnarfjarðarvegur norðan undirganga við Arnarneshæð	22
Fjarðarhraun við Bæjarhraun	23
Nesvegur og Suðurströnd	23
Nesvegur og Ægissíða	23
Sæbraut við Laugarnes	24
Sæbraut frá Klettagörðum að Sundagörðum.	24
Lækjarkinn og Lækjagata, Hafnarfirði	24
2.4 Öryggi og flæði	25
2.5.1 Umferðarstýringar	25
2.5.2 Umferðarflæði og öryggisaðgerðir	27
3. Fjármögnun	31
3.1 Keldnalandið	31
3.2 Flýti- og umferðargjöld	33
3.3 Lántökur	33
4. Innri mál	34
4.1 Aðalfundur og stjórn	34
4.2 Umbætur á stjórnkerfi Samgöngusáttmálans	34

1. Inngangur

Starfsemi Betri samgangna hefur verið tíðindamikil á fyrri hluta árs og góður gangur er í öllum helstu verkefnum. Verktakar fengu landfyllinguna á Kársnesi afhenta í janúar fyrir undirbúning á smíði Fossvogsbrúar og hófust framkvæmdir af fullum krafti í apríl.

Landfyllingin Reykjavíkurmegin var svo afhent fyrir brúarsmíði í júní. Framkvæmdir við Borgarlínu hófust einnig við Laugaveg í byrjun júní og áætlað er að framkvæmdir hefjist við Nauthólsveg í júlí.

Stofnvegaframkvæmdir ganga sömuleiðis vel og er gert ráð fyrir að framkvæmdum við nýjan Arnarnesveg og tengd verkefni verði lokið í nóvember á þessu ári. Vegurinn verður mikilvæg tenging milli efri byggða Kópavogs og Reykjavíkur, ekki síst fyrir viðbragðsaðila. Næsta stofnvegaframkvæmd er Sæbrautarstokkur og hefur nýtt deiliskipulag verið auglýst fyrir hann. Fjölmenni var á opnum kynningarfundum sem haldinn var fyrir hagaðila í byrjun júní. Þá er góður gangur í framkvæmdum við uppbyggingu hjóla- og göngustíga á höfuðborgarsvæðinu og nú standa yfir framkvæmdir í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Samgönguáætlun var samþykkt á Alþingi í júní fyrir árin 2026 til 2040, þar á meðal er Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins, en framkvæmdaáætlun sáttmálans til 2040 er hluti af framkvæmdatöflu áætlunarinnar enda framkvæmdir hans að hluta fjármagnaðar af samgönguáætlun.

Líkt og kveðið er á um í Samgöngusáttmálanum ber Betri samgöngum að skila hluthöfum sínum skýrslu á sex mánaða fresti um framgang verkefna og áætlana. Stýrihópur Samgöngusáttmálans er skipaður forsætisráðherra, innviðaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjóranum í Reykjavík og formanni og varaformanni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Tilgangur hans er að tryggja upplýsingaflæði um framgang fjárfestinga og stefnumarkandi mál. Stýrihópurinn kemur einnig að stefnumótandi ákvörðunum er varða fyrirtækið og koma til meðferðar Alþingis og sveitarfélaganna. Í hluthafasamkomulagi segir að stjórn skuli skila skýrslu til stýrihópsins um stöðu og framgang verkefna og er skýrslan gerð að því tilefni.


2. Fjárfestingar

Árið 2026 er áttunda ár gildistíma Samgöngusáttmáls. Í [framkvæmdatöflu uppfærðs Samgöngusáttmála](#) er að finna áætlaðan kostnað og tímabil áætlaðra framkvæmda einstakra verkefna. Við röðun framkvæmda var tekið mið af samþykktu fjárflæði til verkefna sáttmáls, áhrifum framkvæmda á umferðarflæði höfuðborgarsvæðisins og mikilvægi verkefna fyrir bætt staðbundið umferðarflæði. Árleg fjármögnun og fjárfestingar í verkefnastofnum sáttmáls eru sýndar í meðfylgjandi töflu.

Framlög	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026-04-30	Samtals
Ríkissjóður	2.400.000.000	3.079.883.721	2.488.953.488	2.294.767.442	3.414.765.116	2.692.647.419	6.856.638.347	3.453.400.000	26.681.055.533
Sveitarfélög	1.000.000.000	1.039.941.860	1.094.476.744	1.147.383.721	1.206.395.349	1.346.337.209	1.971.283.525	1.015.522.031	9.821.340.439
	3.400.000.000	4.119.825.581	3.583.430.232	3.442.151.163	4.621.160.465	4.038.984.628	8.827.921.872	4.468.922.031	36.502.395.972


Framkvæmdir	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026-04-30	Samtals
Stofnvegir	858.007.384	3.417.092.691	312.341.734	763.135.642	1.104.238.155	3.578.745.159	3.462.609.836	497.926.502	13.994.097.103
Borgarlína	86.430.000	464.565.848	494.260.886	1.451.244.464	1.259.393.957	1.156.309.596	1.674.086.415	1.275.722.069	7.862.013.235
Virkir ferðamátar	0	392.669.298	596.486.283	699.453.639	589.686.303	782.742.063	529.336.190	193.814.878	3.784.188.654
Undirgöng, göngubryr, öryggi og flæði	461.334.802	287.775.443	572.193.079	224.171.025	502.201.759	708.039.166	554.944.772	82.794.834	3.393.454.880
	1.405.772.186	4.562.103.280	1.975.281.982	3.138.004.770	3.455.520.174	6.225.835.984	6.220.977.213	2.050.258.283	29.033.753.872

Í uppfærslu Samgöngusáttmála var stuðst við aðferðafræði AACE og óvissa reiknuð tölfærðilega með þriggja punkta Monte Carlo greiningu. Út frá líkindadreifingu vænts kostnaðar hvers verkefnis er fundin sá kostnaður þar sem jafnar líkur (50%) eru á því að kostnaður verði lægri (eða hærri) fyrir gefið verkefni. Þessi kostnaður er gefinn upp sem P50 kostnaður og í samþykktu framkvæmdatöflu uppfærðs samgöngusáttmála var allur áætlaður kostnaður P50 gildi viðkomandi verkefnis. Meðfylgjandi graf sýnir á myndrænan máta dæmigerða líkindadreifingu kostnaðar og samsvarandi P50 gildi. Nánari umfjöllun um gerð kostnaðaráætlana er að finna í [Greinargerð viðræðuhóps ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppfærslu samgöngusáttmála](#) (ágúst 2024).




Fjárfestingar í verkefnastofnum sáttmáls sem hlutfall af áætluðum P50 kostnaði samkvæmt framkvæmdaáætlun uppfærðs Samgöngusáttmála (með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir október 2025) er sýnd á meðfylgjandi skífuritum.

Stofnvegir




■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Borgarlína




■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Virkir ferðamatár



■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Undirgöng, göngubrýr,
öryggi og flæði



■ Bókað ■ Eftirstöðvar

Fjárfestingar í verkefnastofnum Samgöngusáttmálans í milljörðum króna.

Nánari lýsingu einstakra verkefna má finna í greinargerð uppfærðs Samgöngusáttmála á slóðinni <https://betrisamgongur.is/rikid-og-sex-sveitarfelog-gera-samkomulag-um-uppfaerdan-samgongusattmala/> og í verksjá fyrirtækisins á www.verksja.is.

2.1 Stofnvegir

Taflan að neðan sýnir áætlaðan kostnað (P50) einstakra stofnvegaverkefna með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir apríl 2026 ásamt bókuðum kostnaði á einstök verk 30. apríl 2026. Norðlingavað – Bæjarháls verkefnið var felld út úr Samgöngusáttmálanum við uppfærslu hans en engu að síður hefur fallið til kostnaður þar sem verkefnið var komið í gang og kostnaður sem af því hefur hlotist hefur verið greiddur af Samgöngusáttmálanum. Eftir á að gera það upp við Vegagerðina þannig að það sem hefur verið fjárfest hingað til verði endurgreitt.

Verðlag apríl 2026 m.kr.: vísitala 25406	Uppreiknað P50	Bókaður kostnaður	Hlutfall
Stofnvegir			
Bæjarháls - Vesturlandsvegur	600	592	99%
Skarhólabraut - Hafravatnsvegur	1.000	971	97%
Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	3.100	3.076	99%
Norðlingavað - Bæjarháls	200	382	191%
Gatnamót við Bústaðaveg	2.645	106	4%
Reykjanesbraut/Sæbraut - Holtavegur - Stekkjabakki (Sæbrautarstokkur)	26.663	1.139	4%
Reykjanesbraut - Álfarnesvegur - Lækjargata	21.267	314	1%
Arnarnesvegur - Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut	8.464	6.990	82%
Miklabraut - jarðgöng	57.876	298	1%
Miklabraut - bráðabirgðatengingar við Landspítala	2.539	22	1%
Hafnarfjarðarvegur - stokkur í Garðabæ	13.543	3	0%
Stjórnun stofnvega	100	100	100%
	137.997	13.994	10%

Stofnvegaverkefnin eru á mismunandi stigum undirbúnings og framkvæmda eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Nr.	Verkefni	Frumdrög	Forhönnun	Verkhönnun	Framkvæmd
S1	Skarhólabraut - Hafravatnsvegur	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið
S2	Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið
S3	Bæjarháls - Vesturlandsvegur	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið
S4	Arnarnesvegur - Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut	Lokið	Lokið	Lokið	Í framkvæmd
S5	Reykjanesbraut/Sæbraut - Holtavegur - Stekkjabakki (Sæbrautarstokkur)	Lokið	Lokið		
S6	Gatnamót við Bústaðaveg	Lokið			
S7	Reykjanesbraut - Álfarnesvegur - Lækjargata	Lokið			
S8	Miklabraut - jarðgöng	Lokið			
S9	Hafnarfjarðarvegur - stokkur í Garðabæ	Ekki hafið			
S10	Miklabraut - bráðabirgðatengingar við Landspítala	Í vinnslu			
	Norðlingavað - Bæjarháls - felld út úr verkefnasafni sáttmálans við uppfærslu 2024				

S1: Vesturlandsvegur: Skarhólabraut-Hafravatnsvegur

Staða: Verkefninu lauk árið 2022.

S2: Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur-Krýsuvíkurvegur

Staða: Verkefninu lauk árið 2021.

S3: Suðurlandsvegur: Bæjarháls-Vesturlandsvegur

Staða: Verkefninu lauk árið 2021.

S4: Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut

Staða: Framkvæmdir við verkið hófust í byrjun september 2023. Arnarnesvegur hefur verið malbikaður frá nýrri tengingu við Breiðholtsbraut að og með nýju hringtorgi við Vatnsendaveg og ný umferðarljós sett upp á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar. Uppsteypu nýrra undirganga Kópavogs undir Vatnsendaveg er lokið og gert er ráð fyrir að opna tengingu Arnarnesvegar og Vatnsendahvarfs í lok júní. Þá verður umferð hleypt á Arnarnesveginn frá Breiðholtsbraut og Vatnsendaveg í lok júní og á sama tíma hefst vinna við breytingar á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Vatnsendahvarfs sem verður lokað tímabundið á meðan á framkvæmdum stendur.



Yfirlitsmynd norðurenda Arnarnesvegar, gatnamót og ný brú fyrir umferð bíla, gangandi og hjólandi vegfarenda ásamt tengingu stígakerfis Arnarnesvegar og Elliðaárdals.

Vinnu í vegstæði Arnarnesvegar miðar vel og er unnið við fyllingar og uppbyggingu vegarins. Uppsteypu á nýrri göngu- og hjólabrú yfir Arnarnesveg til móts við Tónahvarf og nýrra undirganga undir Arnarnesveg við Rjúpnaveg er lokið. Enn er unnið við frágang á dælubrunni í nýju undirgöngunum undir Breiðholtsbraut á móts við Völvufell.

Við Elliðaár er vinnu við göngu- og hjólabrú yfir Dimmu lokið og opnað hefur verið fyrir umferð gangandi og hjólandi um brúnna. Einnig hefur verið opnað fyrir nýja stígatengingu frá Dimmu meðfram nýjum rampa Arnarnesvegar að Suðurfelli. Áfram er unnið að stígum meðfram Arnarnesvegi milli Breiðholtsbrautar og Rjúpnavegar.



Vegstæði Arnarnesvegar sunnan Vatnsendavegar og nýja göngu- og hjólabrúin yfir Arnarnesvegi.




Vegstæði Arnarnesvegar, og ný undirgöng við Rjúpnaveg.

S5: Sæbrautarstokkur

Staða: Vinnu við forhönnun lauk á öðrum ársfjórðungi 2024. Deiliskipulag og mat á umhverfisáhrifum Sæbrautarstokks eru í kynningu og aðgengilegt í skipulagsgátt HMS (skipulagsgatt.is) fram í júlí 2026. Verkhönnun undirbúningsframkvæmda er hafin og er áætlað að henni ljúki í árslok 2026. Á framkvæmdatíma er gert ráð fyrir 2+2 hjáleiðum og bráðabirgða gatnamótum Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegjar við Sæbraut. Hjáleiðir munu breytast og færast eftir því sem verkinu vindur fram og nýja göngubrúin verður færð til að tryggja örugga gönguleið allan framkvæmdatímann.

Unnið hefur verið við gerð útboðsgagna fyrir verkhönnun stokksins og er stefnt að útboði verkhönnunar í kjölfar samþykktar á deiliskipulagi stokksins.



Gerðar verða hjáleiðir á framkvæmdatíma (2 akreinar í hvora átt) og bráðabirgða gatnamót gerð á lóð Skektuvogar 1. Hjáleiðir munu færast eftir framvindu byggingar stokksins og unnið er að verkhönnun þeirra og nákvæmri legu og útfærsla á einstökum tímabilum ásamt nauðsynlegu rífi einstakra bygginga í verkhönnun undirbúningsframkvæmda.



Möguleg útfærsla á yfirborði Sæbrautarstokks.

S6: Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar

Staða: Álit Skipulagsstofnunar um niðurstöðu á mati umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar lá fyrir 27. febrúar 2026. For- og verkhönnun var boðin út í maí 2026 en Vegagerðin hafnaði öllum tilboðum og mun bjóða hönnunina út að nýju.

Vinna þarf deiliskipulag fyrir gatnamótin og fara í breytingu á aðalskipulagi fyrir brúarlausn. Samráð er í gangi við Reykjavíkurborg um skipulagsvinnu og verður deiliskipulagsvinna unnin samhliða forhönnun, ásamt aðalskipulagsbreytingu.



Kort úr umhverfismatsskýrslu framkvæmda við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar.

S7: Reykjanesbraut: Álftanesvegur-Lækjargata

Staða: Vinnu við samræmingu og uppfærslu frumdraga fyrir mislægar lausnir og jarðgöng voru kynntar embættismönnum og kjörnum fulltrúum Hafnafjarðar og Garðabæjar í desember 2025. Í framhaldinu var þess óskað að nyrðra munnasvæði jarðganga yrði endurskoðað með hliðsjón af mögulega breyttum áherslum í skipulagi. Þeirri vinnu lauk í maí og hafa niðurstöður hennar verið kynntar fulltrúum beggja sveitarfélaga. Áður en forhönnun getur hafist þarf að velja hvort halda skuli áfram með yfirborðslausnina eða jarðgangalausnina. Í sáttmálanum er gert ráð fyrir yfirborðslausn en ekki jarðgöngum. Ef valið verður að halda áfram með yfirborðslausnina þarf að uppfæra umhverfismatið og vinna breytingar á deiliskipulagi áður en verkhönnun getur hafist en ef jarðgangalausnin verður fyrir valinu þarf að vinna nýtt umhverfismat og breyta bæði aðal- og deiliskipulagi svæðisins.

S8: Miklubrautargöng

Staða: Vinnu við frumdrög lauk í júlí 2024 og frekari vinna við þetta verkefni hefur ekki farið fram. Við uppfærslu Samgöngusáttmálans var tekin ákvörðun um að áframhaldandi vinna byggji á göngum milli Skeifu og Landspítala í stað stokks milli Kringlu og Landspítala. Stefnt að því að hefja forhönnun á árinu 2027.



Yfirlitskort úr frumdrögum Miklubrautarganga með tvær akreinar í hvora átt frá Skeifu að Landspítala. Auk þess verða tengigöng við Kringlumýrarbraut sem veita umferð, sem kemur frá Kringlumýrarbraut úr suðri, inn í göngin til vesturs (umferð kemur út við Landspítala) og öfugt. Ekki verður gangatenging frá Kringlumýrarbraut til austurs að Skeifu.

S9: Garðabæjarstokkur

Staða: Vinna við undirbúning þessa verkefnis er ekki hafin en vinna við gerð útboðsgagna frumdraga er í gangi og stefnt er að útboð þeirra á þriðja ársfjórðungi 2026.

S10: Miklabraut – bráðabirgðatenging við Landspítala

Staða: Eins og sjá má í framkvæmdatöflu uppfærðs Samgöngusáttmála er gert ráð fyrir framkvæmdum við Miklubrautargöng á árunum 2033 – 2040 og því var talið nauðsynlegt að útbúa bráðabirgðatengingu fyrir Borgarlínu frá Arnarhlíð að Burknagötu í sérrými til að tryggja góða tengingu og stöð við Landspítalann. Vinna við að ljúka frumdrögum er í gangi og stefnt er að útboði for- og verkhönnunar á þriðja ársfjórðungi 2026.

2.2 Borgarlínan

Taflan að neðan sýnir áætlaðan kostnað (P50) Borgarlínunnar með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir apríl 2026 ásamt bókuðum kostnaði á einstakar lotur 30. apríl 2026.

Verðlag apríl 2026 m.kr.: vísitala 25406	Uppreiknað P50	Bókaður kostnaður	Hlutfall
Borgarlína			
Ártún - Hlemmur - Hamraborg	51.421	7.267	14%
Hamraborg - Lindir	7.830	0	0%
Mjódd - BSÍ	18.093	64	0%
Fjörður - Miklabraut	20.949	188	1%
Ártún - Spöng	12.379	0	0%
Borgarlína um Keldur og Blikastaðaland	17.246	205	1%
Stöðvar utan sérrýmis lotu 1-6	6.772	0	0%
Undirbúningur verka	3.280	138	
	137.970	7.862	6%

Lota 1: Ártún - Hamraborg

Staðsetning: Lota 1 er frá Ártúnshöfða í Reykjavík til Hamraborgar í Kópavogi. Fer um Elliðaárvog, Suðurlandsbraut, Miðborg, Vatnsmýri, Öskjuhlíð, Fossvog og Kársnes.

Staða

- Framkvæmdaáætlun fyrstu lotu hefur ekki tekið formlegum breytingum á tímabilinu.
- Forhönnun á rúmlega helmingi lotunnar er lokið.
- VSÓ ráðgjöf hefur unnið við verkhönnun á hluta kaflans á Laugavegur og Suðurlandsbraut.
 - Verkhönnun Suðurlandsbrautar hefur ekki farið af stað eins og áætlað var og bíður staðfestingar deiliskipulags.
- Áframhaldandi hönnunarvinna
 - Undirbúningur forhönnunar hefur verið í gangi á Vogatorgi.
 - Forhönnun er í gangi á Geirsnefi og gatnamótum Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar.
 - Verkhönnun er lokið á Nauthólsvegi, HR svæði og á Laugavegi ofan við Hlemm og á Hlemmi.
 - Verkhönnun er í gangi á brú í Ártúnshöfða.
 - Verkhönnun stöðva og brautarpalla, samráð við hagaðila og landslagshönnun, m.a. vegna götulýsingar, hella og kansteina er á lokametrinum.
 - Lækjargötu var lokað í tæpar tvær vikur vegna rannsókna á fornminjum, liður í forhönnun.
 - For- og verkhönnun er að fara af stað í Arnarhíð á Valssvæðinu.

Skipulagsmál

- Nú þegar eru hlutar Borgarlínu lotu 1 samþykktir í nágildandi deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða svæði 1, Hlemm, NLSH, Nauthólsvík, Fossvogsbrú og Vesturvör á Kársnesi.


- Tímalína framkvæmda tekur áfram mið af framvindu skipulagsmála, öðrum framkvæmdum Samgöngusáttmálans, takmörkunum á samtímaframkvæmdum vegna umferðarflæðis, framkvæmdum veitufyrirtækja og framkvæmdum annarra aðila á áhrifasvæði fyrstu lotu Borgarlínu.

Framkvæmdir og útboð


- Fossvogsbrú
 - Framkvæmdum við landfyllingar og sjóvarnir fyrir Fossvogsbrú miðar vel áfram og hefur Ístak og Per Aarsleff fengið byggingarsvæðin afhent beggja vegna vogarins. Vinna við brúarsmiðina hófst á vormánuðum 2026 og áætluð verklok brúarsmiðinnar eru sumarið 2028. Nú stendur yfir vinna við undirstöður á staðnum og stáleiningar eru í framleiðslu í Póllandi.
- Rammasamningsútboði framkvæmda Borgarlínu lauk á seinni hluta ársins.
 - Fyrstu framkvæmdir gatnagerðar verða auglýstar í formi örútboðs innan þessa samnings, áætlað er að auglýsa á næstu mánuðum.
 - Leggir sem komnir eru í framkvæmd eða að komast á framkvæmdastig: Nauthólsvegur og HR svæðið, Laugavegur við Hlemm, Laugavegur við Tún (Katrínartún að Bolholti) og leggir beggja vegna Fossvogsbrúar.
 - Framkvæmdir hófust á Laugavegi frá Hlemmi upp að Katrínartúni í lok maí en samningsupphæð er tæplega 80% af kostnaðaráætlun. Áætlað er að framkvæmdum ljúki á fyrri hluta árs 2027.
 - Gert er ráð fyrir að Hlemmsvæðið muni einnig komast á framkvæmdastig á næstu mánuðum (í umsjón Reykjavíkurborgar).
- Rammasamningsútboði verkeftirlits Borgarlínu lauk á fyrri hluta ársins en tilboð voru opnuð á fyrsta ársfjórðungi 2026.
 - Niðurstaða útboðs var kærð og kom til stöðvunar samningsgerðar. Betri samgöngur kröfðust þess að sjálfkrafa stöðvun samningsgerðar yrði aflétt og öllum kröfum kærenda yrði aflétt. Bráðabirgðaniðurstaða kærunefndar var félaginu í hag.
 - Samningsgerð hófst því í framhaldi og er lokið. Aðilar í rammasamningi eru ráðgjafafyrirtækin Efla, Hnit, Verkís og VSÓ Ráðgjöf.
- Nokkur útboð efnisinnkaupa eru á lokametrinum en um er að ræða umferðarljós, götulýsingu og tré.
- Samningsgerð er í gangi vegna efniskaupa graníts.
- Samningsgerð, að undangengnum tveimur útboðum, um for- og verkhönnun í Reykjavík og Kópavogi er í gangi.
- Rammasamningsútboð for- og verkhönnunar er í gangi.



Ásýndarmynd úr verkhönnun Borgarlínustöðva og -brautarpalla.



Framkvæmdir á Kársnesi við smíði Fossvogsbrúar.



Samþykktar deiliskipulagsáætlanir fyrstu lotu sýndar í bláum lit.

Lota 2: Hamraborg-Lindir

Staðsetning: Lota 2 er frá Hamraborg, með Hafnarfjarðarvegi, Fífuhammsvegi að Hvammstorgi í Lindahverfi.

Staða:

- Frumdrög: Samráð við hagsmunaaðila hefur verið á árinu og útboð var auglýst í júní 2026.

Lota 3: BSÍ-Mjódd

Staðsetning: Lota 3 er frá BSÍ við gömlu Hringbraut, með Miklubraut, Sæbraut og Reykjanesbraut í Mjódd.

Staða:

- Frumdrög fyrir lotuna um Reykjanesbraut eru tilbúin, þau eru unnin með frumdrögum fyrir mislæg gatnamót við Reykjanesbraut-Bústaðarveg.
- Forhönnun um Reykjanesbraut: Í undirbúningi og umsjón Vegagerðarinnar.
- Áætlað er að hefja frumdrög frá Vogabyggð að BSÍ á árinu 2026.
- Umhverfismatsskýrsla: Álit Skipulagsstofnunar um framkvæmd var gefið út í febrúar 2026.

Lota 4: Fjörður-Miklubraut

Staðsetning: Lota 4 er frá gatnamótum Kringlumýrarbrautar, Suðurlandsbrautar og Laugavegar, eftir Kringlumýrarbraut, Hafnarfjarðarvegi og Reykjavíkurvegi inn í Fjörð í Hafnarfirði.

Staða:

- Frumdrög fyrir Kringlumýrarbraut frá Listabraut að sveitarfélagsmörkum Reykjavíkur og Kópavogs: Ráðgjafi hefur skilað inn frumdrögum í rýni.
- Frumdrög eftir Hafnarfjarðarvegi frá sveitarfélagsmörkum Reykjavíkur og Kópavogs að sveitarfélagsmörkum Kópavogs og Garðabæjar um Hamraborg: Áætlað að klárast á árinu 2026.
- Frumdrög eftir Reykjavíkurvegi frá Engidal og niður að og á Strandgötu: Áætlað að klárast á árinu 2026.

Lota 5: Ártúnshöfði-Spöng

Staðsetning: Lota 5 er frá gatnamótum Stórhöfða og Gullinbrúar, eftir Gullinbrú, Fjallkonuvegi, Hallsvegi, Langarima, Borgarvegi að Spöng.

Staða:

- Frumdrög: Ekki búið að bjóða út.

Lota 6: Ártúnshöfði-Háholt

Staðsetning: Lota 6 er frá Ártúnshöfða, eftir Stórhöfða, gegnum Keldur og Korpu, gegnum Blikastaðaland, eftir Baugshlíð, Skeiðholti, Langatanga, Bjarkarholti að Háholti í Mosfellsbæ.

Staða:

- Frumdrög Stórhöfði: Áætlað er að frumdragavinnunni ljúki á haustmánuðum 2026.
- Frumdrög Keldur: Eru í gangi og er unnin samhliða þróunarvinnu rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum á grunni niðurstaðna samkeppni um Keldnaland. Áætlað er að frumdragavinnunni ljúki 2026.
- Frumdrög Korpa: Áætlað er að frumdragavinnunni ljúki 2026.
- Frumdrög Mosfellsbær: Áætlað er að frumdragavinnunni ljúki 2026.
- Forhönnun Keldur: Vinna er hafin.

2.3 Göngu- og hjólastígar

Taflan hér að neðan sýnir áætlaðan kostnað (P50) göngu- og hjólastíga með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir apríl 2026 ásamt bókuðum kostnaði á einstaka flokka 30. apríl 2026.

<i>Verðlag apríl 2026 m.kr.: vísitala 25406</i>	<i>Uppreiknað P50</i>	<i>Bókaður kostnaður</i>	<i>Hlutfall</i>
Göngu- og hjólastígar			
Göngu- og hjólastígar utan Borgarlínu	16.717	3.784	23%
Göngu- og hjólastígar meðfram 1. lotu Borgarlínu	7.724	0	0%
Göngu- og hjólastígar meðfram 2. - 6. lotu Borgarlínu	14.390		0%
	38.831	3.784	10%

Með tilkomu Samgöngusáttmálans hófst samstarf ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við uppbyggingu stofnhjólanets höfuðborgarsvæðisins. Fyrstu framkvæmdirnar litu dagsins ljós í byrjun árs 2020. Síðan þá hafa verið byggðir tæpir 12 km af hjólastígum og sambærilegt af göngustígum ásamt þrennum undirgöngum og fjórum brúm. Í framkvæmd eru um 6,6 km af hjólastígum og sambærilegt af göngustígum, tvenn undirgöng og tvær brýr. Stór hluti þeirra framkvæmda er í tengslum við nýjan Arnarnesveg.

Verkefnastaða: Stofnhjólanet höfuðborgarsvæðisins

Nr. Verkefni	Forhönnun	Verkhönnun	Framkvæmd
H1 Kóp Fífuhammsvegur; Lindarvegur-Uppsáir-Arnarnesvegur	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Mos Varmá-Leirvogstunga	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Eiðsgrandi og Ánanaust; Boðagrandi - Mýrargata	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Geirsgata; Lækjargata-Tryggvagata	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Bústaðarvegur undirgöng við Litluhlíð	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Bústaðarvegur Veðurstofa-Litlahlíð	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Bústaðarvegur brú yfir Kringlumýrarbraut og NV rampur	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Bústaðarvegur við Sprengisand	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Ellidaardalur - Stekkjarbakki-Arbaejarlaug	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Ellidaardalur - Arbaejarlaug-Breidholtsbraut	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Kringlum.br. frá Bústaðav að göngubr Fossvogi	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Gbr Arnarneshæð undirgöng	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Hfj Strandgata Fjörður-Vellir	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Elliðaárdalur frá Árleið að Grænagrófsbrú	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Elliðaárdalur Grænagrófsbrú og stígar að Dimmu	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Rvk Elliðaárdalur brú við Dimmu	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Hfj Reykjavíkurvegur Norðurbær-Engidalur	Lokið	Lokið	Lokið
H1 Sægraut - Laugarnes			Lokið
H2 Rvk-Kóp Nýr Arnarnesvegur	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2 Rvk Skógarhlíð	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2 Kóp Hafnarfjarðarvegur, Kársnesháls	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2 Gbr Hafnarfjarðarvegur Arnarneshæð suður við undirgöng	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2 Kóp Hafnarfjarðarvegur, norður uninganga við Arnarneshæð	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2 Hfj Bæjarhraun Fjarðarhraun	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2 Gbr brú yfir Álfanesveg	Lokið	Í vinnslu	
H2 Gbr Hafnarfjarðarvegur við Ása	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2 Kóp Hafnarfjarðarvegur, við Voginn í KÓP	Lokið	Lokið	Í vinnslu
H2 Sæbraut, Klettagarðar - Sundagarðar	Lokið	Lokið	
H2 Kóp Ásbraut	Lokið	Lokið	
H2 Kóp Hábraut	Lokið	Lokið	
H2 Seltj Nesvegur og Suðurströnd	Lokið		
H2 Rvk Nesvegur og Ægissíða	Lokið		
H2 Hfj Lækjarkinn og lækjargata	Í vinnslu		
H2 Rvk Miðskógar-Seljabraut	Í vinnslu		
H2 Rvk Höfðabakki	Í vinnslu		
H2 Kóp Brú yfir Kársnesbraut-Nýbýlaveg	Lokið	Í vinnslu	
H2 HFJ Reykjanesbraut, Vellir-Ásland-Kinnar	Í vinnslu		

Stofnstígar við nýjan Arnarnesveg

Framkvæmd Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram nýjum Arnarnesvegi, ný brú yfir Arnarnesveg ásamt tveimur nýjum undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Staða Hluti af verksamningi Arnarnesvegur, klárast haust 2026.

Elliðaárdalur – Ný brú við Grænugróf og stígar að nýrri brú við Dimmu

Framkvæmd

Ný hjóla- og göngubrú yfir Elliðaár við Grænugróf ásamt nýjum aðskildum göngu- og hjólastígum með tengingu við fyrirliggjandi stígakerfi í Elliðaárdal og nýjar stígateiningar við stofnstíga sem eru hluti af stígakerfi við Dimmu. Framkvæmdir hófust vorið 2024.

Staða:

Lokið, búið að opna brúna og lítið er eftir af lokafrágangi.



Ný brú fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í Elliðaárdal við Grænugróf. Bráðabirgðalýsing er við brúna en varanleg lýsing verður sett í handriðin og þau máluð í sumar. Kapp var lagt á hönnun handriða brúarinnar sem setur skemmtilega ásjúnd á dalinn.

Elliðaárdalur brú við Dimmu

Framkvæmd

Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar ásamt brú yfir Elliðaár.

Staða

Hluti af verksamningi Arnarnesvegar. Lokið, búið að opna brúna og lítið er eftir af lokafrágangi.

Skógarhlíð

Framkvæmd

Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram Skógarhlíð.

Staða

Framkvæmdir hófust haustið 2024, tafir urðu á framkvæmdum vegna viðræðna Reykjavíkurborgar við lóðarhafa og samningsgerðar vegna lóðabreytinga. Framkvæmdir eru langt á veg komnar, stefnt er á að framkvæmdir klárast sumarið 2026.

Ásbraut

*Framkvæmd
Staða*

Nýr hjólastígur meðfram Ásbraut, frá Kársnesbraut að Hamraborg.
Verkhönnun er lokið en framkvæmdir bíða vegna skipulagsmála, stefnt
að framkvæmd 2027.

Kársnesháls, sunnan Hamraborgar að Kópavogsdal

*Framkvæmd
Staða*

Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar við sunnanverðan Kópavogsháls.
Framkvæmdum miðar vel, fyrri áfanga er lokið en farið verður í þann
seinni árið 2027.

Hafnarfjarðarvegur, sunnan undirganga við Arnarneshæð

*Framkvæmd
Staða*

Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar frá syðri gangnamunna undirganga
við Arnarneshæð að Víflsstaðavegi.
Framkvæmdir langt á veg komnar og klárast 2026.



Framkvæmdir í Garðabæ, vestan við Hafnarfjarðarveg.

Reykjavíkurvegur, Norðurbær- Engidalur

*Framkvæmd
Staða*

Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, vestan Reykjavíkurvegar, frá
Suðurvangi í Hafnarfirði að sveitarfélagsmörkum Garðabæjar við
Engidal.
Lokið. Framkvæmdir vegna uppfærslu umferðarljósa við gatnamót
Hjallabrautar og Reykjavíkurvegar verða gerðar sumarið 2026.



Stígagerð vestan Reykjavíkurvegar í Hafnarfirði. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar.

Brú yfir Álftanesveg

Framkvæmd

Ný brú fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Álftanesveg, við gatnamót Álftanesvegar og Hafnarfjarðarvegar í Engidal.

Staða

Verkhönnun hefst í desember 2025 og stefnt er á að hún klárast haustið 2026.

Hafnarfjarðarvegur við Ásahverfi í Garðabæ

Framkvæmd

Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar vestan Hafnarfjarðarvegar við Ása í Garðabæ.

Staða

Verkframkvæmdarútboði lokið, framkvæmdir hófust 1. júní 2026.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi

Framkvæmd

Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, vestan Hafnarfjarðarvegar við Voginn í Kópavogi.

Staða

Verkframkvæmdarútboði lokið, framkvæmdir hefjast í júlí 2026.

Hafnarfjarðarvegur norðan undirganga við Arnarneshæð

Framkvæmd

Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, vestan Hafnarfjarðarvegar norðan við ný undirgöng við Arnarneshæð að sveitarfélagsmörkum Kópavogs.

Staða

Framkvæmdir eru langt á veg komnar og klárast sumarið 2026.



Framkvæmdir norðan við undirgöng við Arnarneshæð. Framkvæmdir langt á veg komnar.

Fjarðarhraun við Bæjarhraun

Framkvæmd Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, meðfram Fjarðarhrauni við Bæjarhraun, frá gatnamótum Fjarðarhrauns og Hafnarfjarðarvegar í Engidal að Flatahrauni.

Staða Veitur halda utan um framkvæmdina, framkvæmdir eru langt á veg komnar og mun ljúka sumarið 2026.

Nesvegur og Suðurströnd

Framkvæmd Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, meðfram Nesvegi á Seltjarnarnesi að gatnamótum við Suðurströnd ásamt stuttum kafla við Suðurströnd að Eiðsgranda.

Staða Forhönnun lokið.

Nesvegur og Ægissíða

Framkvæmd Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, meðfram Nesvegi í Reykjavík og Ægissíðu að gatnamótum við Hofsvallagötu.

Staða Forhönnun lokið.

Sæbraut við Laugarnes

<i>Framkvæmd</i>	Núverandi sameiginlegum stíg var breytt í hjólastíg og nýr aðskilinn göngustígur útfærður samsíða við Laugarnes norðan Sæbrautar. Framkvæmt samhliða veituframkvæmdum.
<i>Staða</i>	Framkvæmd lokið.

Sæbraut frá Klettagörðum að Sundagörðum.

<i>Framkvæmd</i>	Núverandi sameiginlegur stígur verður útfærður sem hjólastígur og nýr aðskilinn göngustígur verður útfærður samsíða, norðan Sæbrautar á milli Klettagarða og Sundagarða. Samstarfsverkefni með Veitum.
<i>Staða</i>	Verkhönnun lokið. Áframhald ræðst að því hvort Sundabraut verði höfð um brú eða undirgöng.

Lækjarkinn og Lækjagata, Hafnarfirði

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, meðfram Lækjarkinn og Lækjargötu að Strandgötu í Hafnarfirði.
<i>Staða</i>	Frumdrög hafin.

Seljabraut og Miðskógar

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, meðfram Seljabraut og Miðskógum og um Skógarsel að hluta.
<i>Staða</i>	Frumdrög hafin.

Höfðabakki

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar, meðfram Höfðabakka, frá Stórhöfða að Rafstöðvarvegi.
<i>Staða</i>	Frumdrög hafin.

Brú yfir Kársnesbraut-Nýbýlaveg

<i>Framkvæmd</i>	Ný brú fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur vestan Hafnarfjarðarbrautar yfir Kársnesbraut við Ásbraut í Kópavogi.
<i>Staða</i>	Frumdrögum lokin og frumdrög í vinnslu.

Reykjanesbraut, við Velli, Ásland og Kinnar

<i>Framkvæmd</i>	Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar sem liggja nokkurn veginn meðfram Reykjanesbraut um Ásbraut og gömlu Reykjanesbraut að Lækjarkinn.
<i>Staða</i>	Frumdrög hafin.

2.4 Öryggi og flæði

Taflan hér að neðan sýnir áætlaðan kostnað (P50) umferðastýringar, umferðarflæði, öryggisaðgerðir, göngubrýr og undirgöng með vísitöluhækkun samkvæmt áætlunarvísitölu Vegagerðarinnar fyrir apríl 2026 ásamt bókuðum kostnaði á einstaka flokka 30. apríl 2026.

Verðlag apríl 2026 m.kr.: vísitala 25406	Uppreiknað	Bókaður	Hlutfall
	P50	kostnaður	
Umferðarstýring, aukið umferðarflæði, öryggisaðgerðir, göngubrýr og undirgöng			
Göngubrýr og undirgöng	3.386	456	13%
Umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir	10.581	2.937	28%
	13.966	3.393	24%

Í framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans er gert ráð fyrir fjármagni í sameiginlegan útgjaldalið *umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir*. Fjármagn þessa liðar er nýtt í ljósaðstýringar, smærri framkvæmdir á stofnvegum til að bæta flæði og öryggi og smærri framkvæmdir vegna almenningssamgangna.

2.5.1 Umferðarstýringar

Yfir tvö hundruð umferðarljós eru á höfuðborgarsvæðinu. Alls eru ljósaðstýringar á tæplega 90 gatnamótum og gönguþverunum í sameign Vegagerðarinnar og viðkomandi sveitarfélags þar sem þjóðvegur og sveitarfélagsgata eða gönguleið mætast. Betri samgöngur fjármagna greiningarvinnu, undirbúning, endurnýjun og uppsetningu umferðarljósabúnaðar og innleiðingu nýrra tæknilausna á þessum stöðum sem eru á umferðarmestu stofn- og tengibrautum höfuðborgarsvæðisins og gegna lykilhlutverki í samgöngum milli sveitarfélaga og stærri hverfa. Betri samgöngur fjármagna einnig endurbætur og uppfærslur á miðlægum vél- og hugbúnaði sem nýttur er við umferðarstýringar á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni.


Umferðarljós á gatnamótum teljast snjall stýrð ef umferð er stýrt með rauntímaupplýsingum frá umferðarskynjurum og ljósin eru samtengd öðrum umferðarljósum í gegnum miðlæga stýritölvu sem samræmir stýringar heildstætt. Yfir 90% fyrrnefndra lykilgatnamóta eru í dag með snjall stýrðum umferðarljósum.

Samstarfshópur Vegagerðarinnar og SSH vinnur að úrbótum í samræmi við aðgerðaáætlun í ljósaðstýringarmálum frá 2021, skilgreindum markmiðum og mælikvörðum fyrir hönnun, rekstur og viðhald umferðarljósaðstýringa og niðurstöðum úttekta á stöðu búnaðar og stýringa. Stöðugt er unnið að endurnýjun tækja- og hugbúnaðar til að nýta nýja tækni og auka möguleika á sem bestri virkni á hverjum tíma. Ný uppfærsla miðlægrar stýritölvu, sem gegnir lykilhlutverki í umferðarstýringum á höfuðborgarsvæðinu, hefur verið tekin í notkun og innleiðingu á nýjum hönnunarhugbúnaði fyrir umferðarljósaðstýringar er lokið. Nýjum hönnunarhugbúnaði fylgir mikil hagræði og tækifæri til að flýta innleiðingu á uppfærslu ljósaðstýringa á svæðinu.

Á árinu 2024 var farið í ítarlega yfirferð og greiningu á umferðarljósaðstýringum á um 70 gatnamótum og unnu sérfræðiráðgjafar tillögur til úrbóta á uppfærslu stýringa á hverjum

stað fyrir sig með það að markmiði að tryggja umferðaröryggi, lágmarka mengun og bæta flæði. Innleiðing þeirra úrbóta hófst 2024 og er fram haldið jafnt og þétt.

Stýrikassi umferðarljósanna við ljósastýrð gatnamót inniheldur tölvu sem er forrituð með ljósastýringum sem segja til um hvernig gatnamótum skal stýrt á hverjum stað fyrir sig auk þess að tengjast við miðlæga stýritölvu. Regluleg endurnýjun stýrikassa og innihalds hans er lykilforsenda fyrir aukinni nýtingu á tækni og til að ná fram meiri sjálfvirkni og rauntímastýringu umferðar. Árlega er fjárfest í nýjum stýrikössum umferðarljósanna fyrir fjármagn úr Samgöngusáttmála í samræmi við sameiginlega endurnýjunaráætlun Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna. Sem dæmi má nefna að endurnýjun búnaðar á Sæbraut og Breiðholtsbraut er fram undan næstu misserin og endurnýjun á Höfðabakka að ljúka. Líkt og annar nýr umferðarljósabúnaður býður nýr búnaður á Höfðabakka upp á rauntímastýringu og munu ljósastýringar þar því taka mið af umferðarflæði á hverjum tíma. Í framhaldi af uppfærslu stýrikassa á vestanverðri Hringbraut, sem lauk árið 2024, er stefnt á innleiðingu rauntímastýringar með haustinu. Stefnt er á prófanir í haust og innleiðingu í framhaldi af því. Fusion hugbúnaðurinn sem notaður verður á Hringbraut hefur verið þróaður af Yunex í nánú samstarfi við Transport for London sem hefur hafið innleiðingu á þessu kerfi í London.



Endurnýjun umferðarljósabúnaðar á höfuðborgarsvæðinu frá og með 2019.

Á korti hér fyrir ofan má sjá hvar umferðarljósabúnaður hefur verið endurnýjaður síðustu árin, bæði með fjármagni úr Samgöngusáttmálanum, á gatnamótum og gönguþverunum í sameign ríkis og sveitarfélaga, og með fjármagni stakra sveitarfélaga. Í töflu að neðan er listi yfir verkefni í umferðarljósastýringum sem fjármögnuð hafa verið af Samgöngusáttmálanum.

Verkefni	Staðsetning	Undirbúningur	Framkvæmd
Uppsetning búnaðar á Sæbraut	Katrínartún, Snorrabraut og Frakkastígur	Lokið	Lokið
STREAM forgangsakstur	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Uppfærslur vél- og hugbúnaðar	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Búnaður á Arnarnesvegi	Arnarnesvegur	Lokið	Lokið
Greining á ljósastýringabúnaði og umgjörð á hbsv.	Höfuðborgarsvæðið	Lokið	Lokið
Kaup og uppfærsla á búnaði	Geirsgata, Suðurströnd, Bústaðarvegsbrú og Hfj/Vífilstaðav	Lokið	Lokið
Endurnýjun ljósabúnaðar	Hringbraut v. Framnesveg, Bræðraborgarstíg og Hofsvallagata	Lokið	Lokið
Höfðabakki/Vesturlandsvegur - nýr ljósabúnaður	Framkvæmdir hófust 2025	Lokið	Í vinnslu
Kaup og uppfærsla á búnaði	Hringbraut og Kelduhvammur	Lokið	Lokið
Kaup og uppfærsla á búnaði	Reykjanesbraut/Fífuhvamsvegur	Lokið	Lokið
Endurskoðun ljósastíllinga á lykilgatnamótum HBS	Ýmsir staðir	Lokið	Í vinnslu
Kaup og uppfærsla á búnaði	Nýbýlavegur/Kársnesbraut	Lokið	Í vinnslu
Kaup og uppfærsla á búnaði	Hringbraut/Fífilsgata	Lokið	Í vinnslu
Kaup á VS Plus hugbúnaði	MSU	Lokið	Lokið
Uppfærsla miðlægrar stýritölvu	MSU	Lokið	Lokið
Aðgerðir úr ljósastíllingaverkefni	Ýmsir staðir	Í vinnslu	Í vinnslu
Þjónustusamningar - rekstur á MSU kerfinu	MSU	Lokið	Í vinnslu
Kaup og uppfærsla á búnaði	Breiðholtsbraut, Stekkjarbakki og Eiðsgrandi	Í vinnslu	Í vinnslu
Innleiðing rauntíma stýringar	Hringbraut	Lokið	Í vinnslu
Uppfærsla á búnaði á Sæbraut og Kringlumýrarbraut	Kringlum.br/Borgartún, Kringlum.br/Sæbraut, Sæbraut/Kir	Í vinnslu	Í vinnslu
Uppfærsla á búnaði til að tengja stýrikassa við MSU	Ýmsir staðir	Lokið	Í vinnslu
Uppfærsla á búnaði Miklabraut	Langahlíð, Klambratún, Stakkahlíð	Í vinnslu	Í vinnslu
Kaup og uppfærsla á búnaði	Fjarðarhraun/Hólshraun	Lokið	Lokið
Uppfærsla á hugbúnaði fyrir forgangsakstur strætó	MSU	Lokið	Í vinnslu

2.5.2 Umferðarflæði og öryggisaðgerðir

Auk ofangreindra endurnýjunar- og umbótaverkefna í umferðarljósastýringum er fjármagni Samgöngusáttmálans af þessum fjárfestingalið varið í smærri framkvæmdir til að bæta flæði og öryggi. Smærri verkefni til að bæta flæði og öryggi og almenningssamgöngur á stofnvegum eru unnin jafnt og þétt eftir þörfum. Dæmi um verkefni síðustu ára eru lenging beygjuvasa og aðrar breytingar á gatnamótum Reykjanesbrautar við Bústaðaveg og Sæbraut við Kleppsmýrarveg og Skeiðarvog. Endurbætur á gatnamótum á Seltjarnarnesi, Garðabæ og í Reykjavík, bætt umferðaröryggi við gönguþveranir, gerð nýrrar strætóreinar við Kringlumýrarbraut, uppsetning vegriða og nýjar strætóstöðvar fyrir almenningssamgöngur á Bústaðavegi við Hlíðarenda og á Kringlumýrarbraut í Fossvogi.

Verkefnastaða: Flæðisbætandi aðgerðir

Verkefni	Staðsetning	Undirbúningur	Framkvæmd
Endurbætur við gatnamót	Suðurströnd/Nesvegur	Lokið	Lokið
Endurbætur við gatnamót	Hringbraut/Hofsvallagata	Lokið	Lokið
Endurnýjun gatnamóta	Álftanesvegur/Garðahraunsvegur	Lokið	Lokið
Bannsvæði tekið út	Reykjanesbraut	Lokið	Lokið
Lenging vinstribeygjuvasa	Reykjanesbraut við Bústaðaveg	Lokið	Lokið
Lenging vinstribeygjuvasa	Sæbraut við Skeiðarvog	Lokið	Lokið
Strætóvasi	Bústaðavegur við Hlíðarenda	Lokið	Lokið
Strætóstöðvar	Hafnarfjarðarvegur við Fossvog	Lokið	Lokið
Strætórein	Kringlumýrarbraut	Lokið	Lokið



Nýjar strætóstöðvar við Fossvog.

Verkefnastaða: Vegrið

Verkefni	Staðsetning	Undirbúningur	Framkvæmd
Lengja vegrið	Arnarnesvegur við Salarskóla, við undirgöng	Lokið	Lokið
Lengja vegrið	Reykjanesbraut til Suðurs (41-12_800)	Lokið	Lokið
Vegrið við gönguleið	Brú yfir Reykjanesbraut, Kaptún	Lokið	Lokið
Vegrið við gönguleið	Brú yfir Reykjanesbraut, Vífilstaðavegur	Lokið	Lokið
Nýtt miðjuvegrið	Sæbraut - miðjuvegrið, frá Kringlumýrarbraut að Súðarvogi	Lokið	Lokið
Nýr tvöfaldur öryggisendi og vegrið	Nesbraut við innkeyrslu á Reykjanesbraut við gömlu Elliðaárbrúna.	Lokið	Lokið
Kantvegrið við stíg	Sæbraut frá Sundagörðum að Laugarnestanga	Lokið	Lokið
Nýtt miðjuvegrið	Reykjanesbraut á milli Arnarnesvegur og Vífilstaðavegar	Lokið	Lokið
Kantvegrið austan vegar	Suðurlandsvegur við Rauðavatn	Lokið	Lokið
Kantvegrið vestan vegar	Við veginn í Kópavogi, vestan Hafnarfjarðarvegur	Lokið	Í vinnslu



Vegrið við gangstétt á brú við Kaptún yfir Reykjanesbraut.

Verkefnisstaða: Öryggisaðgerðir

Verkefni	Staðsetning	Undirbúningur	Framkvæmd
Uppsetning netagirðingar í stað teinagirðinga	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Uppsetning einstaka skilta	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Auka sjónlengdir með því að fjarlægja gróður	Ýmsir staðir	Lokið	Lokið
Endurnýjun miðeyja, upphækkuð gangbraut, bætt lýsing	Sæbraut/Skeiðarvogur	Lokið	Lokið
Endurbætur við gönguþveranir	Hallsvegur	Lokið	Lokið
Gönguþveranir, endurbætur	Ánanaust og Eiðsgrandi	Lokið	Lokið
Endurnýjun miðeyja, upphækkuð gangbraut, bætt lýsing	Kringlumýrarbraut/Miklabraut	Lokið	Lokið
Gönguþveranir, endurbætur	Arnarnesvegur við Fífuhvamsveg	Lokið	Lokið
Vegrið við gangstéttar á brúm	Kauptún og Vífilstaðavegur við Reykjanesbraut	Lokið	Lokið
Bættar gönguþveranir	4 staðir í Hafnarfirði	Lokið	Lokið
Endurnýjun miðeyja, upphækkuð gangbraut, bætt lýsing	Njarðargata/Hringbraut	Lokið	Lokið
Gönguþveranir, endurbætur	Njarðargata við Sturlugötu	Lokið	Lokið
Endurhönnun	Nýbýlavegur	Í vinnslu	
Endurnýjun miðeyja, upphækkuð gangbraut, bætt lýsing	Grensásvegur/Miklabraut	Í vinnslu	
Upphækkuð gönguþverun	Arnarnesvegur við Fífuhvamsveg	Lokið	
Endurbætur á þverun	Kringlumýrarbraut við Hamrahlíð	Í vinnslu	




Fyrir breytingar



Eftir breytingar

Endurbætur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Merktar gangbrautir á upphækkun við framhjálaup, endurbætur á miðeyju við framhjálaup og bætt lýsing gönguleiða við gatnamótin.



Endurbætur gönguþverunar við Ánanaust í Reykjavík.

3. Fjármögnun

3.1 Framlög eigenda

Í uppfærðum Samgöngusáttmála frá ágúst 2024 kemur fram að skipting fjármögnunar milli ríkis og sveitarfélaga verður hin sama og í upphaflegum sáttmála frá 2019, þ.e. sveitarfélög með 12,5% af heildarfjármögnun sáttmálans til 2040 og ríkið 87,5%.

Ríki og sveitafélög greiða bein framlög til Betri samgangna auk þess sem tekjur af Keldnalandi og flýti- og umferðargjöldum eða öðrum fjármögnunarleiðum ríkisins eiga að renna til fjárfestinga sáttmálans. Yfirlit yfir bein framlög eigenda Betri samgangna og fjárfestingar frá 2019 er að finna í töflu að neðan.

Framlög	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026-04-30	Samtals
Ríkissjóður	2.400.000.000	3.079.883.721	2.488.953.488	2.294.767.442	3.414.765.116	2.692.647.419	6.856.638.347	3.453.400.000	26.681.055.533
Sveitarfélög	1.000.000.000	1.039.941.860	1.094.476.744	1.147.383.721	1.206.395.349	1.346.337.209	1.971.283.525	1.015.522.031	9.821.340.439
	3.400.000.000	4.119.825.581	3.583.430.232	3.442.151.163	4.621.160.465	4.038.984.628	8.827.921.872	4.468.922.031	36.502.395.972

Framkvæmdir	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026-04-30	Samtals
Stofnvegir	858.007.384	3.417.092.691	312.341.734	763.135.642	1.104.238.155	3.578.745.159	3.462.609.836	497.926.502	13.994.097.103
Borgarlína	86.430.000	464.565.848	494.260.886	1.451.244.464	1.259.393.957	1.156.309.596	1.674.086.415	1.275.722.069	7.862.013.235
Virkir ferðamatár	0	392.669.298	596.486.283	699.453.639	589.686.303	782.742.063	529.336.190	193.814.878	3.784.188.654
Undirgöng, göngubryr, öryggi og flæði	461.334.802	287.775.443	572.193.079	224.171.025	502.201.759	708.039.166	554.944.772	82.794.834	3.393.454.880
	1.405.772.186	4.562.103.280	1.975.281.982	3.138.004.770	3.455.520.174	6.225.835.984	6.220.977.213	2.050.258.283	29.033.753.872

3.2 Keldnalandið

Fyrirtækinu var falið að annast þróun og sölu lands að Keldum með Samgöngusáttmálanum. Allur ábati af þróun og sölu landsins mun renna óskertur til uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í Samgöngusáttmálanum var ákveðið að flýta uppbyggingu framtíðarhverfis að Keldum sem og framkvæmdum við Borgarlínuna sem fara á um hverfið endilangt. Frá miðju ári 2021 hefur fyrirtækið í samstarfi við Reykjavíkurborg látið vinna undirbúningsrannsóknir og grunngreiningar fyrir skipulagsgerð. Í desember 2022 gengu ríkissjóður og Betri samgöngur frá samningi sín á milli um að félagið taki við landsvæðinu við Keldur og Keldnaholt ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast.

Alþjóðlegri samkeppni um þróunar- og uppbyggingaráætlun fyrir svæðið lauk haustið 2023. Nú stendur yfir vinna við frekar undirbúning rammahluta aðalskipulags Reykjavíkur ásamt deiliskipulags- og uppbyggingaráætlunum á grunni niðurstaðna samkeppninnar. Verklýsing skipulagsgerðar og umhverfismats fyrir rammahluta aðalskipulags var kynnt í september 2024 og drög að tillögu sumarið 2025. Stefnt er að því að rammahluti aðalskipulags Reykjavíkur ásamt þróunaráætlun Keldnalandis verði staðfestur um næstu áramót og fyrstu deiliskipulagsáætlanir kynntar samhliða. Í húsnaðisáætlun Reykjavíkurborgar 2026-2035 er gert ráð fyrir að úthlutun byggingarhæfra lóða fyrir íbúðarhúsnaði á Keldnalandi hefjist árið 2029. Skipulagningu og uppbyggingu verður skipt í minni áfanga, enda ljóst að svo stórt og fjölmennt hverfi verður í uppbyggingu langt fram á næsta áratug. Svæðið í heild er um 115 hektarar og skipulagstillagan gerir ráð fyrir að þar rísi 3-5 hæða byggð, þrjú skólahverfi, fyrir um 12 þús. íbúa og 8 þús. störf með þremur Borgarlínustöðvum.



Drög að rammaskipulagi Keldnaland.



Tölvugerð mynd af mögulegri útfærslu á torgi við Borgarlínustöð að Keldum.

3.3 Flýti- og umferðargjöld

Í Samgöngusáttmálanum og lögum um félagið er kveðið á um að Betri samgöngur eigi að innheimta flýti- og umferðargjöld, verði ákveðið með lögum að leggja slík gjöld á. Í sáttmálanum frá árinu 2019 var að því stefnt að þessi gjaldtaka fyrir akstur á milli skilgreindra svæða eða önnur fjármögnun ríkisins stæði undir helmingi heildarfjárfestingar. Tekjur af gjaldtökunni yrðu að fullu nýttar í samgönguuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Gjaldtaka í samgöngum er að breytast með breyttum orkugjöfum bifreiða og aukinni þekkingu á ytri kostnaði samgangna. Unnið er að heildstæðri endurskoðun á gjaldtöku af ökutækjum og umferð, undirbúningi gjaldtöku til fjármögnunar á einstökum þáttum samgönguinnviða ásamt greiningum á svæðisbundinni gjaldtöku eins og flýti- og umferðargjöldum.

Betri samgöngur hófu haustið 2021 skoðun á mögulegum útfærslum flýti- og umferðargjalda í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti, innviðaráðuneyti og SSH. Frekari undirbúningur gjaldtöku er nú unnin á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og innviðaráðuneytisins.

Í uppfærðum Samgöngusáttmála er gert ráð fyrir að flýti- og umferðargjöld, eða aðrar fjármögnunarleiðir ríkisins, skili alls um 143 ma.kr. (verðlag 2024) frá og með árinu 2030 og að gjaldtakan geti staðið undir skuldbindingum sem eftir kunna að standa við árslok 2040.

3.4 Lántökur

Fyrirtækið hefur heimildir til lántöku til að tryggja viðunandi sjóðstreymi og jafna út misræmi á milli fjárfestinga annars vegar og tekna hins vegar eftir árum. Samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 8. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu er fyrirtækinu heimilt að taka lán umfram það sem fjármagnað er með framlögum til fyrirtækisins, rúmist það innan heildarfjárfestingar og sé metið hagkvæmt fyrir framgang uppbyggingar samgönguinnviða og annarra verkefna þess. Samkvæmt 2. málslíð er lántaka háð því skilyrði að ríkissjóður veiti lán eða ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila.

4. Innri mál

4.1 Aðalfundur og stjórn

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir annan og fjórða fimmtudag í hverjum mánuði og stjórn hefur alls haldið 127 fundi frá upphafi, þar af 12 á árinu. Aðalfundur Betri samgangna var haldinn 29. apríl 2026. Engar breytingar voru gerðar á stjórn fyrirtækisins.

Starf framkvæmdastjóra var auglýst laust til umsóknar í byrjun mars þegar Davíð Þorláksson lét af störfum til að taka við sem framkvæmdastjóri hjá Almenningsamgöngum höfuðborgarsvæðisins, nýju félagi sem tekið hefur yfir rekstur og þjónustustýringu Strætó og mun síðar sjá um rekstur Borgarlínu. Þorsteinn R. Hermannsson var í kjölfarið ráðinn framkvæmdastjóri í apríl 2026. Hann hefur starfað hjá Betri samgöngum frá stofnun fyrirtækisins árið 2021. Innviðauppbýgging Betri samgangna fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu verður unnin í nánú samstarfi við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins.

4.2 Umbætur á stjórnkerfi Samgöngusáttmálans

Viðræðuhópur um uppfærslu Samgöngusáttmálans fól sérstökum rýnihópi að fara yfir stjórnskipulag og starfshætti sáttmálans. Í minnisblaði hópsins var aðgerðaáætlun þar sem fyrirtækinu, Vegagerðinni, innviðaráðuneytinu og SSH voru falin verkefni. Öllum verkefnum aðgerðaráætlunarinnar sem eru á ábyrgð Betri samgangna er nú lokið, þar með talið endurnýjun samnings Betri samgangna og Vegagerðarinnar um hlutverk og þjónustu Vegagerðarinnar í verkefnum sáttmálans. Nýr samningur var undirritaður 16. janúar 2026.



BETRI
SAMGÖNGUR

Hafnarstræti 7
101 Reykjavík

betrisamgongur.is